

Fundur 29.12.2025 Kvikmyndaleikstjóri ný framliðinn Rob Reiner, dó 15/12 2025

Góða kvöldið, heilsa ég ykkur öllum.

*Já góða kvöldið.*

Er það mér mikið ánægjuefni að tala til gömlu jarðarinnar og er ég enn að átta mig á aðstæðum og ber ég mikla virðingu fyrir evrópskri menningu og vona ég að mér takist að koma erindi mínu hér í kvöld í gegn.

Eru það mikil umskipti að vera kominn fram á nýrri jörð og að trúa því að fullu að maður sé kominn fram á nýrri jörð og hefur þetta allt verið með furðulegasta móti og átti ég mjög erfitt að trúa mínum augum og eyrum er ég hér kom fram, en er ég loksins farinn að átta mig og trúa aðstæðum og er það mikið fagnaðarefni að vera kominn fram á annari jörð en ekki í andasviði, eins og ég bjóst við þó vissulega.

Er hér ýmislegt sem ég vildi koma á framfæri og undrun mín mikil að vera komin fram á nýrri jörð og undrunin svo mikil að oft hef ég þurft að klípa mig í handlegginn og sannfæra mig um að ég sé í efniskerndum líkama en ekki í andaheimi.

Hafði ég að vísu áhuga á þessum málefnum og las mér nokkuð til, en allar voru þær bækur á eina lund að það hlyti að vera andlegur líkami sem við tæki ef það væri þá eitthvað.

Og hefur þetta því verið mikil upplifun, stórkostleg upplifun og undrunarefni og hef ég þurft að spurja margra spurninga og svörin ekki alltaf verið gáfuleg, en ég ferðaðist út úr mínum vinahóp og samstarfs kjarna á nýjum hnetti og ferðaðist í ökutæki mínu, bíl mínum hér á nýjum hnetti með konu minni og komum við til fjarlægs staðar þar sem okkur sagt að mest væri þekkingin á þessum málum og bentu þau okkur á hvar væri best að ná slíku sambandi og að þið Íslendingar væruð komnir lengst á jörðinni í þessum efnum og hefðu bókstaflega verið brautryðjendur á þessu sviði fyrir nokkuð löngu á tuttugustu öldinni.

Og var mér það mikið undrunarefni og fagnaðarefni að tala hér í þessari fjarskiptastöð, stjórnusambandsstöð eins og kallað er og virkuð hér gamla trúin sem að vísu er ekki gleymd í okkar heimalandi og var hún heldur ekki gleymd í mínu heimalandi og voru þar ýmsir hópar sem höfðu endurvakið norræna trú og heiðna, og vissi ég af því.

En eru þeir komnir lengst á þessum framlífs hnetti mínum að viðhalda þessum samböndum og tala til ykkar.

Er þetta mér mikið undrunarefni og hef ég áhyggjur af því að framlífs hnöttur minn beri ýmis einkenni þess samfélags sem ég lifði í og hef ég áhyggjur af því að sundrun og klofningur geti orðð til skaða í framtíðinni og þegar ég hef kynnt mér það betur væri fróðleg að komast aftur í sambandið og lýsa því betur, en ég er svo nýkominn á þennan hnött að ég verð að trúa þeim lýsingum sem aðrir gefa mér og lýsingum á fortíðinni, sögunni sem hér hefur átt sér stað.

En mikill er fögnuðurinn að vera kominn fram á nýjum hnetti, en efi minn var svo mikill, að þrátt fyrir að ég hafi haft áhuga á þessum andlegu málum, þá var ég með efa um að líf eftir dauðann væri til staðar, og því er fögnuðurinn mikill að upplifa það á eigin skinni að áframhald er og það er efniskernt.

En höfum við hjónin bæði legið á bæn síðan við komum hingað og tók það að vísu okkur drjúga stund að sætta okkur við umskiptin og skilja þau til fulls. En verður þó að skilja að við viljum fjölskyldu okkar allt hið besta og við fyrirgefum syni okkar og við skiljum vankanta hans og fylgdumst með bræðriköstum hans frá bernsku og hvernig hann átti erfiðara með að ná stjórn á skapi sínu eftir því sem tímar liðu og baráttan við fíknina varð erfiðari og kom inn í geðrof hans og geðsjúkdóma og var þetta því mikill harma atburður.

En um leið og við komumst í gegnum geðshræringuna og komumst í gegnum reiði sem beindist að okkur sjálfum og þjóðfélaginu fyrir að vera ekki með úrræði og reiði í hans garð, gat fyrirgefningin haft sín græðandi áhrif og við sögðum það hvort við annað að eins og komið var fyrir okkur, þá sluppum við við það að eldast og veikjast, en erum hér komin fram fyrir okkar tíma og hefur það sína kosti og galla.

En biðjum fyrir sál hans og biðjum fyrir mildi og miskunn yfirvaldanna sem hafa ekki sömu þekkingu og við, að við höfum fyrst og fremst áhyggjur af öllum börnunum okkar og öðrum ættingjum á jörðinni og viljum þeim allt hið besta og honum einnig sem varð valdur að þessu, en ekki veit ég hvort þessi skilaboð komast til skila á jörðinni ykkar, þar sem auðvelt er að dæma, og vissulega þarf réttarkerfið að hafa sinn gang.

En aftur vil ég huga að þeim jákvæðu atriðum sem hér eru framundan í þessu lífi og finnst mér mannréttindabaráttan ganga betur hér í þessu framlífi og séum við nær Evrópu og frjálslyndinu þar, en ýmsir hópar þó hér í framlífi sem minna á okkar öfgakristnu hóp.

Vil ég huga að því jákvæða og hér eru margir fyrrverandi félagar, ættingjar sem ég vissi til framliðnir og ýmsir áhrifavaldar í mínu starfi og lífi og í greininni sem ég lét mig dreyma um að hitta, en hef hér hitt í lifanda lífi og er það ótrúlegt, gleðilegt.

Ég vil að það komi fram að þrátt fyrir sársaukann sem þessu fylgir, þá verður fyrirgefningin að verða ofan á og vona ég að komist seinna í sambandið þegar lengra er um liðið og hægt er að lýsa ýmsu í þessu framlífi mínu, fullkomlega efniskennt líf.

Kvikmyndaleikstjóri ný framliðinn Rob Reiner.

*Takk fyrir komuna, takk fyrir að segja okkur frá.*

Já takk fyrir, takk fyrir, verið þið sæl og þakka ég fyrir gott hljóð.

*Ég þakka þér fyrir komuna.*

Já takk fyrir sumuleiðis verið þið sæl.